



UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Umsögn við tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 29. júní sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Vegna umferðarhávaða frá Sæbraut er lagt til að ráðist verði í hljóðvarnaraðgerðir í þágu bættrar hljóðvistar íbúa vestan megin við brautina, á kaflanum frá Sægörðum og allt norður að Langholtsvegi. Um er að ræða íbúðabyggð við Kleppsveg, Sæviðarsund, Skipasund, Efstasund og Langholtsveg. Æskilegt er að metið sé í samráði við Vegagerðina hvort hljóðveggur eða manir henti betur við umræddar aðstæður. Lág hljóðmön er nú þegar á nyrsta hluta svæðisins. Óskað er eftir því að samráð verði haft um málið við þá íbúa, sem hagsmuna eiga að gæta.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 10. ágúst sl.

Umsögn:

Vegagerðin er veghaldari á Sæbraut og eru því allar framkvæmdir gerðar í samráði við Vegagerðina. Tillaga að lausn liggur fyrir um að stoppa upp í þau göt sem eru til staðar við Sæbraut. Ekki liggur fyrir hönnun á þeim hljóðvörnum eins og staðan er í dag og framkvæmdir rúmast ekki innan þeirrar fjárveitingar sem ætluð hefur verið í hljóðvistaraðgerðir fjárfestingaráætlunar. Svæðið sem tillagan nær til er innan áhrifasvæðis Sundabrautar og því óskynsamlegt að fara í kostnaðarsamar aðgerðir fyrr en betur liggur fyrir með hvaða hætti Sundabraut tengist Sæbraut.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri